

VEFNIR

Tímarit félags um átjándu aldar fræði

SVISTUR

Leita

☒ Leita í textum Félags um 18. aldar fræði ☐ Leita í öllu efni á Kvisti

Litlu varð Vöggur feginn

Höfundur: Matthías Viðar Sæmundsson
Birtist í: Vefni: 1. vefriti 1998

Birtist fyrst í Tímariti Máls og menningar, 4. hefti 1997.]

f læpuskaps ódyggðir eykjum með flæða
t yfir haf vilja læðast þér að:
æð geigvænum logbröndum Heklu þær hræða
ratt skalt þú aptur að snáfa af stað.
Jarni Thorarensen

f ritdómi Einars Más Jónssonar um Íslenska bókmenntasögu III má ráða að undirritaður hafi slegist í för með ggertri og Bjarna upp Hekluþjall sumarið 1750 og ekki komist til byggða aftur, heldur álpast niður í pyttinn til indar við Leirulækjar-Fúsa tuttugustu aldar, franska menningarheimspekinginn Michel Foucault, sem ekkert rindi mun eiga við nokkurn mann lengur, enda steindauður.[[1]] Nú er ekki ólíklegt að Fúkki hafi endað á æðal drísildjöfla og óhreinna sálna, eftir lífern hans að dæma, og hugsa má sér hvumleiðari mannfélagsskap inum megin, en þar sem mér er annt um orðspor Foucaults í bráð og lengd, þá hlýt ég að andmæla því að onum sé eignað skrif mitt um íslenska bókmenntasögu með óskammfeilnum hætti.[[2]] Þá verður að ætlast til ess að maður sem ber stórmæli upp á annað fólk styðji mál sitt sæmilegum rökum, því kjaftaleg illyrðingasemi er engu betri en belgmiklar alhæfingar.

n fyrst þetta: Bókmenntasaga III byggist líkt og önnur sagnfræðirit á vali kenninga, sem í sumum tilvikum er æfnt til höfuðs viðteknum tilgátum um íslenska hugmynda- og bókmenntasögu. Hér er meðal annars reynt að kilgreina reynsluheim sem skáld og menntamenn átjándu og nítjándu aldar ólust upp við, samsömuðu sig við ða brutust undan, hver með sínum hætti, jafnframt því sem lýst er einstaklingslífi og samfélagsþróun þessara ma eftir því sem rými gafst til. Framsetningin einskorðast því ekki við fagurfræði eða persónusögu, heldur yggist hún á þekkingarforða sem varð til við könnun fjölda birtra og óbirta texta af ýmsu tagi, jafnframt því æm tekið var tillit til rannsókna síðustu ára, en þær hafa leitt í ljós flóknari og fjölbreyttari bókmenntasköpun n áður þekktist eða var viðurkennd; átjándi öldin varð til að nýju sem sjálfstætt og áhugavert viðfangsefni. Þar ég til dæmis við lokaritgerðir í íslenskum bókmenntum, sem smám saman eru að koma fyrir lmenningssjónir, rómönsurannsóknir Matthews Driscoll og útgáfu Ólafs sögu Þórhallasonar sem ekki var talin æð skáldskap til skamms tíma.[[3]] Sá sem skrifar bókmenntasögu við slíkar aðstæður getur ekki endurritað ldri sagnfræði eins og ekkert hafi í skorist. Hann þarf ný hugtök til að skýra og tengja saman sögu sem beðið efur í handritaforða og gleymdum bókum. Gildir það jafnt um söguleg tímabilahugtök sem hugtök um ókmenntagreinir og líkön um þróun og framfarir. Gömlu hugtökin gefa í ljósi nýrra heimilda skakka mynd af

ví hvernig fólk hefur hugsað og skapað í þessu landi, enda miðast þau við annan og einfaldari raunveruleika en ú þekktist.

inar Már virðist hvorki hafa áhuga á vandamáli söguritunar, hugsunarháttum né nýjum þekkingarforða í ókmenntasögu, ef marka má ritdóm hans, þar sem skrifað stendur: "Í kaflanum um upplýsingaröldina, sem er rundvöllur alls þess sem á eftir fer, er sú stefna tekin að byggja mjög á hugmyndum ýmissa kenningasmiða og er þar hæst Michel Foucault, þannig að ekki er ofmælt að andi hans svífi allvíða yfir vötnunum og víðar en nafnans er nefnt". Nú má una því að vera borinn sökum um kenningarstuld, þótt það sé næsti bær við ritþjófnad, en itt þykir mér öllu verra að vera sakaður um einfeltningslega trúgírni, eins og liggur í orðum Einars: "Það er inkum og sér í lagi hæpið að endursegja einhverjar af kenningum meistarans franska eins og viðtekin sannindi æm hægt sé umsvifalaust að miða við og hátimbra svo á slíkum grundvelli enn aðrar kenningar".

í hvernig kemst Einar Már svo að þessum niðurstöðum; um hvaða "sannindi" er að ræða og hvaða "hátimbraðar enningar"? Slíkt hlýtur að skipta nokkru máli ef Bókmenntasaga III er á þeim byggð, því sé skítur í ppsprettunni, "grundvelli alls þess sem á eftir fer", þá þurfum við að hugsa skrif okkar upp á nýtt, eins og verjum má vera ljóst. En fyrst er að finna fullyrðingasemi Einars Más stað, við hvað er nákvæmlega átt með anda" og "vötnum"; er þetta spíritismi, málæði eða réttmæt gagnrýni? Þá verður tækifærið notað til að fjalla um instakar aðferðir og kenningar, áður nefnda endurskoðun, því þótt digurleg orð úr dreissugum hálsi skipti annski litlu máli, þá geta þau fleytt af stað misskilningi og verða ekki aftur tekin fremur en tapaður meydómur.

koðum "sannindin" fyrst. Ætli Einar Már eigi við stuttan inngangskafli, "Út úr "myrkri miðalda"", þar sem allað er um upplýsingarheimspeki Magnúsar Stephensens með hliðsjón af tímamótaritgerð Immanuel Kant, Was ist Aufklärung?" - Hvað er upplýsing? Tilgangurinn er meðal annars sá að sýna fram á svipaðar hræringar man heimspeki og frásagnarbókmennta á átjándu öld. Þar er í fáeinum línum vikið að túlkun Foucaults á sömu tgerð, en hún birtist fyrir fáeinum árum í Skírni og er mikilvægur hluti af íslenskri upplýsingarumræðu; og um tgerð Foucaults er sagt: "Ef gengið er að þessari túlkun..." (bls. 36-7) Varla á fullyrðingasemi Einars Más við essa málsgrein. Ætli hann eigi þá við hugmyndasögulegan kafla, "Íslensk vísindabylting", þar sem fjallað er llrækilega um vísindalegar aðferðir sautjándu og átjándu aldar, meðal annars með hliðsjón af vísindaepistemi oucaults (bls. 56). Þar er þó tæplega um svífandi alhæfingar að ræða, heldur er tiltekin greining notuð til að ýna fram á samhengi íslenskrar og evrópskrar vísindastarfsemi, auk þess sem henni er beitt "í beinu einvígi við fmarkað viðfangsefni", þ.e. fræðirit um náttúru Íslands eftir Jón Grunnvíking, Svein Pálsson og Eggert l afsson. Hér er vísindasaga Foucaults höfð til hliðsjónar af því hún varpar merkilegu ljósi á íslenskar heimildir, ifnframt því sem tekið er fullt tillit til annarra nútímarita um vísindasagnfræði. Textagreiningin sjálf skiptir amt sem áður mestu máli, settar eru fram skýringar sem hver og einn getur tekið afstöðu til; hvort rit Jóns l afssonar um sædýr og fiska, Ichthyographia Islandica (1737), feli í sér "upplýsta" náttúrufræði eða ekki, svo æmi sé tekið.

arla á Einar Már við þetta - eða hvað? Ætli hann eigi ekki fremur við málsgrein í sama kafla sem hljóðar svona: Hér verður ekki úr því skorið hvort um aðgreind þekkingarkerfi (epistemes) í skilningi Michels Foucault var að æða á 18. öld..."(47) Einar Már virðist nefnilega gera því skóna, þrátt fyrir þessi ummæli, að kenning Foucaults m ólík "þekkingarkerfi" sem "séu á bak við alla þekkingu manna á einhverju ákveðnu tímabili og standi jarnan öldum saman áður en þau víki fyrir öðru "þekkingarkerfi", eins og það er orðað, sé viðtekinn annleikur þessarar bókmenntasögu. Um þetta er fimbulfambað án frekari röksemda með yfirlýsingum sem essum: "Ég á t.d. erfitt með að sjá hvernig menn eiga að geta skilið hugarfarslýsinguna bls. 50-52 í ókmenntasögunni án þess að þekkja kaflann um "prósa veraldarinnar" í riti Foucaults "Orðin og hlutirnir.""

ekið skal fram að í umræddum kafla er fjallað með mörgum dæmum um íslenska náttúrudulhyggju, teikna- og rirboðatrú, til dæmis hjá séra Jóni Steingrímssyni, getið er hugmynda um lífræna heild, þar sem náttúran efur "vitund" og talar til manna í táknum og fyrirboðum, þar sem dulið samsvörunar- eða líkingarlögmál tengir

aman sýnileg og ósýnileg fyrirbæri; minnst er á spilverk efnislegra og yfirsíkvitlegra krafta, jafnframt því sem ikið er að táknfræði fyrri tíma, afstöðu fólks til tungumáls og hvernig það dró líkingar um eigið líf af viðburðum áttúrunnar. Allt er þetta afskaplega þjóðlegt, þótt finna megji hliðstæður við evrópska dulspeki sextándu aldar (þróa veraldarinnar), en um hana hafa fleiri en Foucault vélað eins og Einar Már á að vita. Þá eru leidd rök að ví að ritgerð séra Jóns um Skaftárelda (1788) sé "mótsagnakennd blanda, virk samræða í sálarlífi eins manns, ugmyndaleg deigla líkt og viðureign Eggerts við sálnaðfellið nokkrum áratugum áður" (52). Lögd er áhersla á ambýli ólíkra grundvallarviðhorfa eða þekkingargerða hjá rithöfundum sautjándu og átjándu aldar, en tekið skal fram að ekki var um einangrað fyrirbæri að ræða, eins og sjá má af vísindasögu Þorsteins Vilhjálmssonar. Íann bendir til dæmis á að hjá frumkvöðli vísindalegrar heimsmyndar, Kóperníkusi, hafi mátt greina söldýrkun í ætt við trúarbrögð"; talað er um "nýplatónska dýrkun á dulrænu samhengi við tölur, tónstiga og ímfræðimyndir" hjá Kepler; og um dulspeki Newtons, áhuga hans á biblíufræðum og gullgerðarlist, er sagt: Þá má það verða okkur nútímamönnum enn eitt umhugsunarefnið, hvernig svo ólíkir þættir sem dulspeki og ísindahyggja hafi þrífist svo vel í sama manninum." Jafnvel þótt ég hafi söguskekkluna í huga, dugar það ekki l að eyða furðu minni á því að slíkt skuli rúmast "í einum og sama manninum!" [[4]]

öuggreining Bókmenntasögu III er gjörólík umfjöllun Foucaults í Orðum og hlutum (1966), því sýnt er fram á samkvæmni og mótsagnir sem hljóta að grafa undan kenningu um samfellt epistem eða þekkingarkerfi. [[5]] ar er hins vegar tekið undir gagnrýni á sögulega goðsögn um vöxt og framfarir mannlegrar þekkingar, en amkvæmt henni reis sannleikssöld skynsemi, þekkingar og vísinda upp úr óskapnaði hjátrúar, fáfræði og reltrar guðfræði eins og í hendingu en þó af nauðsyn, og var þessum atburði líkt við ljósbrigði að morgunlagi, jartir sólargeislar ráku næturský og þokuslæður á flóttu, og ljós hlutlægrar skilningsgáfu skein með sífellt meiri óma uns það stóð í hádegisstað á síðara hluta átjándu aldar. Þessi sögusýn hefur sett mót sitt á íslensk fræði til samms tíma og útilokandi hugtökum verið beitt við hugmyndasögulegt mat, einkum þegar ritað er um autjándu öld; talað er um ímyndun og hugaróra, hjátrúarvitleysu og broslegar bábiljur þegar fengist er við æynslu einstaklinga sem tóku trú og táknræn líkindi fram yfir sýnileg efnistengsl orsaka og afleiðinga. Þá hefur ekklingar- eða merkingarheimi fyrri alda oft verið afneitað með hugtökum úr siðfræði og læknisfræði, skrifað efur verið af þóttu um heimsku og hugaróra, blindu og jafnvel fár eða sjúkleika. [[6]]

agnfræði af þessu tagi fær varla staðist, enda sýnir félagssaga íslenskrar upplýsingar að hún réðst ekki af áleitum sannleikshugsjónum, heldur skiptu hleypidómar, hégómadýrð, þrákelkni og persónulegar illdeilur kki minna máli, í stuttu máli sagt, það rigndi í upplýsingarsólinni. Upplýsingarmenn virðast hins vegar hafa lindast í herferðum sínum um skuggaheima "fáfræðinnar", dýramörsbirta þeirra átti að útrýma því sem í þónasvælnni bjó, rökkurdimmu alþýðlegrar reynsluþekkingar, en "ef satt skal segja", ritaði Jón forseti (1860), þá skildu þeir harðla lítið, sem von var, þeir vissu ekki enn, heldur en Nikodemus, hvaðan vindurinn kom eða vert hann fór. Til hvers á þá að láta sér svo drembilega, eins og maður þykist vita allt og skilja allt, og ekki vilja eyra annað nefnt". [[7]] Framsókn "upplýstrar skynsemi" hérlendis mótaðist af "andskynsamlegum" öflum, ef vo má að orði kveða, áróðri, ritskoðun, valdbeitingu og hagsmunaátökum, enda er skynsemin einungis ein þferðafræði af mörgum, hefur verið skrifað, hvorki betri né verri en aðrar sem ýmist eru góðar eða slæmar, eiðarlegar eða óheiðarlegar, flóknar eða frumstæðar, mannúðlegar eða mannfjandsamlegar frá sjónarmiði nnarra hefða. [[8]] Vísindabylting upplýsingarmanna náði auk þess ekki nema til lítils hluta þjóðarinnar, eins g sjá má af átökum um skáldskap og útgáfumál á seinni hluta nítjándu aldar (upplýsingaröld hinni seinni). ilgátan um annað tveggja, fullkomin umskipti myrkurs og ljóss, hjátrúarfáfræði og skynsamlegrar þekkingar, efur samt sem áður smitað út frá sér innan íslenskra fræða, enda gleymdist mörgum að upplýsingin var æfnuskrá en ekki eigind raunveruleikans. Við þurfum því ný hugtök til að lýsa hugsunum hinna dauðu, nýtt iálfar sem útilokar ekki ákveðnar spurningar fyrir fram; einfaldar andstæður trúar og skynsemi, töfra og ísinda, dulhyggju og upplýsingar ná ekki utan um þekkingarheim sem var "samsett kerfi ólíkra og jafnvel ndstæðra trúarviðhorfa", eins og Hjalti Hugason hefur orðað það, "þar sem hugmyndir frá forkristnum tíma, apólsk miðaldarviðhorf og lútersk trúartúlkun hafa ofist saman í fjölbætt munstur" [[9]]; við þurfum í þessu

í samhengi að tileinka okkur fræðilega hugsun sem kenna má við róttæka fjölhyggju og er andstæð kerfishugsun oucaults í Orðum og hlutum. Bókmenntasaga III ber vitni um slíka viðleitni, en um Einar Má gildir líkt og margra fleiri að ósmíðnum verður allt að úrkasti, þannig að rétt er að reyna þolinmæði lesenda eftir því sem rými innst til, svo hver og einn geti metið um hvað málið snýst. Með það í huga verður hér á eftir haldið austur fyrir all líkt og í upphafi Bókmenntasögu III.

;

Íeð "þekkingargerðum" er hvorki átt við ómeðvituð, alltumlykjandi þekkingarkerfi, vísindaleg viðtök eða ígmálafléttur né meðvitaðar lífsskoðanir og opinber trúaratriði, heldur er miðað við vitsmunaleg form sem engdust flokkun lífs og náttúru, hvernig fólk felldi reynslu sína saman í kerfi, af hverju eitt var öðru tengt á einn átt en ekki annan. Talað er um töfraskilning, trúarskilning og vísindaskilning í þessu samhengi; töfragerðin miðaðist við dulúðuga samsemd manns og náttúru, sú næsta rakti allt sem fyrir bar til yfirnáttúrulegrar umforsendu, en vísindagerðin byggðist á lögmálum mótsagna og orsaka. Þessar þekkingargerðir fléttuðust íeð ýmsum hætti saman á "lærdómsöld" og "upplýsingaröld", flækjan er hin sama hvort sem litið er til æxtánda, sautjándu eða átjándu aldar, þótt hlutfall einstakra gerða sé með ólíku móti, enda varð þeim ekki nikað með áróðri eða hrellirökum kirkju og valdhafa.

veinn Pálsson tilheyrir hvað þetta varðar sama "reynsluheimi" og Jón Guðmundsson lærði sem var manna ulvísastur og um leið fróðleiksfús á "vísindavísi"; "þá vantar ekki til utan meistara þekkingarinnar og reynsluna eður rannsak landsins", ritaði hann í Einni stuttri undirréttingu um Íslands aðskiljanlegar náttúrir. Í sumri öld eftir að þetta var fært í letur héldu tveir menn, Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson, upp í rannsóknarferð um landið, en orðspor Jóns lærða var þá með versta móti, hann var ekki lengur nefndur Plinius Íslands, heldur þótti hann ímynd hjátrúar og hindurvítna, fávískulegrar sérvísku, eins og fram kemur í skrifum rithöfundanna. Þeir fundu ekki til skyldleika við töfrabulinn gamla, enda var splunkuný sól á himni héldu margir, sem fyrr getur. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson ferðuðust sumarið 1750 austur í sveitir og var í gegntilgangur þeirra að kanna landskunnar goshver, Geysi í Haukadal, þrátt fyrir hrakspár fólks sem, eins og eir skrifuðu síðar, "taldi það óleyfilegt að rannsaka slíka leynda dóma í náttúrunni, því að á slíkum stöðum myndu að búa voldugir andar, sem þyldu ekki slíka forvitni".[[10]] Eggert og Bjarni létu slíkt sem vind um eyru jóta, enda ætluðu þeir sér að skoða og sundurgreina íslenska náttúru, svipta hana dularklæðum sagnar og sögu íeð aðferðum samtímavísinda. Fortölurnar hvöttu þá miklu heldur til dáða, eða eins og segir um aðra ferð okkru seinna, "löngun okkar til fjallgöngunnar fór stöðugt vaxandi, bæði til þess að afsanna öll þessi hindurvítni og af fleiri ástæðum".[[11]] Það var þó ekki laust við að færi um ferðamennina þegar til Geysis kom g lóðlínu hafði verið kastað niður í hverinn til að finna vatnsaugu í botni hans, því þá kom jafnskjótt upp heit atnsgusa og var mildi að þeir sluppu óskaddaðir. Þetta endurtók sig og urðu þeir að flæmast frá við svo búið. Í ylgdarmaður Eggerts og Bjarna varð að vonum skelkaður, enda var engu líkara, rituðu þeir síðar, "en að hér æri einhver skyni gædd vera, sem með þessum hætti varnaði okkur að skoða inni sín".[[12]] Þeir sáu þó brátt vað þessu olli.

ggert og Bjarni skoðuðu margar uppsprettur á Suðurlandi þetta sumar og á næstu árum, en þær höfðu oft akið furðublandna óvissu, eins og sjá má af Konungsskuggsjá, þar sem eðli þeirra er tengt dauðanáttúru ríðelds og hafísa. Íslenskir goshverir eru samkvæmt þessu riti "að sumri náttúru sem eldur sá", því þeir gera allt að steini sem vatnið fellur á. Þetta er skýrt með dulúðugum samhrifum: "Og þyki mér þau líkindi mest til raga, að vatnið mun dautt vera, að það dregur til dauðrar náttúru hvaðvetna það, sem það vætir með sínu drifi, því að steinninn hefir dauða náttúru".[[13]] Hveravatnið bjó samkvæmt þessu yfir undarlegum hrifakrafti sem ekki var hægt að skýra á náttúrulegan hátt, enda virðist hafa verið gert ráð fyrir andlegu eða jöfulegu eðli ákveðinna náttúrufyrirbæra; hafísinn við strendur landsins var fangelsi fordæmdra líkt og ígurinn í Heklu samkvæmt Konungsskuggsjá. Þessar hugmyndir hafa lifað á meðal landsmanna um miðja tjándu öld ef marka má skrif Eggerts og Bjarna, en í áður nefndri ferð gengu þeir á Hekluþjall eins og frægt varð, en litið er á hana sem táknrænt upphaf íslenskrar upplýsingar í Bókmenntasögu III. Hekla hafði lengi verið

ppspretta furðusagna því sagt var að þar væri hyldýpishelvíti sem bergmálaði af harmagráti og kveinstöfum, uk þess sem hrafnar og gammar flygju umhverfis í kolsvörtum flokkum, enda átti fjallið að vera ókleift líkt og næfellsjökull. Eggert og Bjarni gengu á hólmi við þessa trú með fjallgöngu sinni, landnámsriddarar þekkingar g vísinda, og komust þeir upp á tindinn um miðnætti hins 20. júní. Sáu þeir hvorki gjár, sjóðandi hver, eld né æyk, heldur nýsnævi, jökla og stöðuvötn, enda var sumarnóttin björt sem dagur; og í fjarska sást einstakt, rhyrnt fjall sem líktist "háreistri höll", Herðubreið. Þeir snéru því til baka sigrihrósandi eftir að hafa merkt sér ndinn, en við fjallsrætur beið þeirra fylgdarmaður sem kennt hafði höfuðverkjar og ekki viljað halda lengra; en við hældum", rituðu Eggert og Bjarni síðar, "að hjátrú hans og ímyndun bannaði honum að nálgast hið ælfílega fjall".[[14]] Hann hafði nú hjarnað við og undraðist mjög að þeir kæmu heilir af fjallinu. Hið sama gildi m biskupinn í Skálholti sem átalði þá fyrir fífldirfsku sína, hryllingur eldfjallsins var í augum hans veruleiki æm ekki mátti brjóta gegn eða vanvirða.

lekluferðin 1750 er í Bókmenntasögu III tákn um ákveðna sögugöðsögn: framsókn vísindalegrar skynsemi sem að hafa rutt ömurlegum hugarsorta og hjátrúarfáfræði úr vegi á upplýsingaröld. Eggert og Bjarni eru ámkvæmt henni vísindahetjur sem brutu landið undir manninn með því að skýra og nafngreina; það sem áður akti undrun og óhugnað, hrylling fyrirboða, banns eða djöfulsskapar varð að vitsmunalegu efni sem greint var í nda nýrrar hlutlægni, gengið var út frá efnislegu náttúrukerfi, vísindaleg lýsing kom í stað þjóðsögulegrar ilkunar, teflt var fram nýjum orsakaskýringum, hlutlæg sundurliðun leysti óræð hvörf og samlíkingar af hólmi. eruleikinn var að sjálfsgöðu flóknari en þessi sögugöðsögn gefur til kynna, því umræða upplýsingarmanna inkenndist þrátt fyrir yfirlýsta vísindahyggju af óvissu og tvískinnungi, togstreitu dulúðar, trúar og hlutlægni. infalt þróunarlíkan getur ekki lýst því sem gerðist í flæktum huga manna á þessum tímum, eins og nefnd eru ölmörg dæmi um í Bókmenntasögu III.

krif Eggerts og Bjarna um hveru Suðurlands varpa ljósi á það sem hér var sagt, en í þeim er vatnið dauða skýrt á lutlægan hátt, gerð er grein fyrir steingerðarmætti hveravatns, hvernig hverahrúður myndast á löngum tíma, ð allt á sér náttúrulegar orsakir. Þeir etja kappi við þessar uppsprettur með nútímaleg mælitæki að vopni, ðlínu og flotvog, jafnframt því sem gætt er raunsæis í lýsingum. Við fáum að vita um þvermál Geysis efst og við otn, dýpt gosskálur, hæð gosstróka, lengd þeirra og tíðni, jafnvel gildleika lóðlínu, auk þess sem notuð eru lutlæg samanburðardæmi: skálin líktist trekt í lögun, dynkir á undan gosi minntu á fjarlæg fallbyssuskot. ýsingin takmarkast með öðrum orðum við hið sýnilega, jafnframt því sem dregnar eru ályktanir um eðli og pptök einstakra linda. Hér voru raunsæismenn á ferð sem í engu sinntu sjúklegu ímyndunarafl, misskilningi g hjátrúarhindurvitnum að eigin sögn; reynsla, lýsing og rökfræðileg greining áttu að leysa fólk undan ularfullri náttúru sem það hafði samsamað sig við.

ggert og Bjarni höfðu einfaldleika og skipulag að leiðarljósi, markmið þeirra var gott og gilt, en þeim var eins g öðrum um megn að hefja sig upp yfir samhengi síns tíma, enda er texti þeirra undarlega mótsagnakenndur ef ð er gáð; ævintýrið brýst inn í lýsinguna jafnskjótt og því hefur verið hafnað, forsendur hennar leysast upp líkt g fyrir endurtekningarnauð. Hér er ekki um tilviljunarkenndan usla að ræða því niðurrifið er reglubundið, vort sem litið er til lýsingar Geysis í Haukadal, Marteinslaugar í Haukadal, Grafarhvers í Hreppum eða krahvera í Ölfusi; athugun þeirra þróast ævinlega frá vísindalegri vissu inn í óstöðugleika þar sem flest er iögulegt, tala má um viðureign sem lýkur í undarlegu þrátefli. Í lýsingu Geysis er haft eftir Haukdælum að iiklar gosstrokur boði regn og storm án þess að gagnrýni bregði fyrir, enda gætir fyrirboðatrúar víðar hjá ggerti og Bjarna, svo sem í lýsingu Baðstofuhvers í Ölfusi, en gysi hann óvenjulega hátt með miklum hávaða og ufumekki átti óveður að vera í aðsigi. Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir duldum áhrifatengslum, flæði á illi mismunandi atburða, óræðum samhrifum sem svo má kalla. Þá eru rakin gömul munnmæli um Iarteinslaug sem átti að hafa sprottið úr hörðum kletti með yfirnáttúrulegum hætti, auk þess sem vatnið var ætt lækningamætti að sögn. Eggert og Bjarni taka ekki afstöðu til þessa helgiævintýris, en "í raun og veru er að mjög einkennilegt", rituðu þeir síðar, "að vatnið sprettur hér upp í gegnum harða og þétta klöpp, sem er ær álnir á hæð og þriggja álna breið".[[15]] Hér má glögg sjá erfiðleika upplýsingarmanna sem hvorki gátu

fneitað eigin reynslu né fundið skýringu í hinu yfirskilvitlega; lýsing þeirra mætir sinni eigin takmörkun, nefnanlegu náttúruferli sem brýst undan þekkingu þess sem athugar og skráir. Samskonar óvissu gætir í lýsingu hverafugla sem áttu að hafa sést í Grafarhver og í Akrahverum, en þar er slegið í og úr, engu trúað og illu samt, enda var erfitt að bera brigður á almenna sögn trúverðugra sjónarvotta. Ályktunum þeirra má skipta í rennt, fyrst er sagt: "Ef þetta er satt, þá er þar um að ræða einn af leyndardómum náttúrunnar"; næst: "Hver íá trúa því, sem honum trúlegast þykir"; og loks: "Við erum enn í vafa um þá". Þeim þykir þetta fuglafágæti afasamt því það laut engum þekktum lögmálum, en hína samt við hverina í Ölfusi tímunum saman í von um að sjá til fuglanna, auk þess sem stærð þeirra, litarafti, vexti og sundlagi er lýst eftir sögn "skilorðra manna". Þá er getið ólíkra hugmynda um eðli fuglanna, að þeir séu gufumyndanir, náttúrulegar skepnur, draugar eða sálir amlíðinna, án þess að úr þeim sé skorið. Var málið allt hið örðugasta úrlausnar. [[16]]

Þæmið að ofan sýnir að mínum dómi þekkingarvanda sextándu, sautjándu og átjándu aldar í hnotskurn, flækju reynslu, trúar og hugarflugs, raunsæis og dulúðar. Þetta var flókinn reynsluheimur sem fræðimenn seinni tíma afa ofureinfaldað með hugtökum "hjátrúar" og "skynsemi", auk þess sem skipting lærdóms- og upplýsingaraldar hefur skapað skakka mynd. Heimildir þessara alda sýna allavega að mismunandi ekklingargerðir gátu verið virkar í skrifum sömu manna, þótt vægi þeirra væri misjafnt, sá hinn sami gat trúað á krímsli og fyrirboða, þótt hann aðhylltist kristilega nauðhyggju og stundaði jafnframt hlutlægar áttúrurannsóknir; þjóðleg dulvísi, rétttrúnaður og vísindalegt raunsæi blönduðust iðulega saman, þótt eitt ekklingarform væri yfirleitt í forsæti. Höfundar sautjándu og átjándu aldar glímdu því ekki aðeins um pinberar lífsskoðanir heldur þekkingarfræðilegar forsendur þeirra; sannleiksmýndunin sem slík var vandamálins og sjá má af ritgerðum, þar sem reynt er að ryðja nýjum hugtakabúnaði braut í gegnum "merkilegt fsönnunarferli", eins og það er orðað í Bókmenntasögu III. Ritgerðir upplýsingarmanna sýna auk þess að ugsunin sveiflast ekki aðeins á milli órökrænnar dulhyggju og vísindalegrar rökleiðslu heldur stjórnað hún oft á báðum í senn; þessir textar fela iðulega í sér opinskáa samræðu, boðið er upp á öndverða valkosti, jafnframt ví sem mismunandi skýringar renna oft saman í mótsagnakennda blöndu, líkt og gerist um okkar eigin ekklingu. [[17]]

Ívað kemur þetta Fúka við kann einhver að spyrja? Þeir sem hafa eitthvað kynnt sér sögugreiningu Foucaults íá þegar að um allt aðra sögusýn er að ræða, því gengið út frá fjölbreytni, ósamkvæmni og mótsögnum í vitsmunalífi einstaklinga og söguskeiða. Hér er gert ráð fyrir að minnsta kosti þremur samtíða þekkingargerðum æm útíloka ekki hver aðra líkt og epistem Foucaults, auk þess sem þær eru að ákveðnu marki meðvitandi, annig að samtímaleg umræða um forsendur þeirra er möguleg. Þessar gerðir eru auk þess raktar til tvenns onar hugsunarháttar (frumlægra reynslutengsla) sem flæktust með ýmsu móti saman, þótt upplýsingarmenn eldu sér trú um annað. Foucault gerði því hins vegar skóna (árið 1966) að vitsmunalíf hvers og eins lyti istmótuðu reglukerfi er staðlar hugsun fólks um heiminn. Þá er dulhyggjuhugtakið notað um vætta- og fyrirboðatrú sem grundvallast hefur á samlífi manns og náttúru, enda er stundum heppilegra að nota hugtök ífra, goðvísi, þjóðtrúar eða samsemdar um slíka þekkingargerð.

Ókmenntasaga III byggist á mannfræðilegum rannsóknnum sem hafa fyrir löngu leitt í ljós að hugarfar manns áða hóps getur verið dulúðugt eða vísindalegt eftir atvikum, að fólk getur lifað í ólíkum hugmynda- eða ærkingarheimum í senn, hvort sem litið er til frumstæðra þjóða, upplýsingarmanna átjándu aldar eða okkar álfra nú á dögum. Dulhyggja Kóperníkusar, Keplers og Newtons sýnir að hér er varla um afbrigði að ræða; iargir hugsuðir geta rúmast í einum líkama, ef svo má að orði komast. Það gildir einnig um minni spámenn, til æmis Ólaf Davíðsson rithöfund og þjóðsagnasafnara sem ritaði í bréfi til föður síns árið 1884: "Það er ndarlegt að vera mest interessaður fyrir náttúrufræði og þjóðtrúarfræði. Maður skyldi þó halda, að þær ættu kki miklum mun betur saman en Jehovah og Belsebubbur, en sú verður oft raunin á, að extrema se tangunt indstæður mætast) og það undarleg í mannssálunni". [[18]] Þá er nokkurn veginn víst, hvað sem furðu orsteins Vilhjálmssonar líður, að nútímaeðlisfræðingar eru jafn flæktir innan í sér og Kóperníkus, Kepler og

sak Newton, þótt ekki leggi þeir stund á stjörnuspádóma, hljómlist himintungla og gullgerðarlist. Það er varla inleikið hversu margir þeirra hafa hneigst til trúar og dulhyggju á seinni árum.

;

átt er eins vandmeðfarið og alhæfingar, segir Einar Már af þóttafullri spekt í ritdómi sínum. Því til sönnunar er itnað í almennt inngangsyfirlit um sjálfsævisögur, þar sem höfundur leyfir sér að minnst á guðspjölin eins og ær komi íslenskum bókmenntum við; hvað á svona bókmenntalegt rúlluskautahlaup frá fornöld, um miðaldir g endurreisn til íslenskra eldklerka að þýða, spyr Einar Már í forundran, og hvað um Guibert af Nogent og étur minn Abelard sem báðir sömdu persónulegar sjálfsævisögur á fyrri hluta tólftu aldar? Úr þessu verður iikið ritmoð hjá Einari, þvaðrað er um "alhæfingar úr smiðju Foucaults og félaga" sem komi í veg fyrir að litið á "stundlegar stefnur og strauma í bókmenntum og menningarlífi, víxlverkanir þeirra og árekstra". Hverjar ru svo alhæfingarnar? 1) Að játningar heilags Ágústínusar og lífssaga heilags Antóníusar hafi ásamt píslarsögu uðspjallanna mótað kristilega sjálfstúlkun fram á átjándu öld; 2) að þeim hafi fylgt aragrúi eftirlíkinga sem uðkennast af útpurrkun hins persónulega sjálfs; 3) að almenn skilyrði hafi skapast fyrir ritun persónulegra, eraldlegra sjálfsævisagna á endurreisnartímanum. Hér er ekkert fullyrt um getu miðaldamanna og einstök fbrigði, raktar eru skoðanir fræðimanna og íslenskar skriftir tengdar við almennt, sögulegt bókmenntaferli.

Ímmæli Einars Más bera vitni um undarlega glámskyggni, því ekkert er minnst á efnistöð Bókmenntasögu III, æm einkennast af andstöðu við alhæfingar um uppruna og þróun, jafnt hvað varðar hugmyndir, sjálfsævisögur æm skáldsagnagerð. Þar er þvert á móti lögð mikil áhersla á "stundlega strauma" frá einum áratug til annars, myndun ósamfellds samhengis, "víxlverkanir og árekstra", sem Einar Már þykist kalla eftir. Horft er fram hjá ásögninni sjálfri, greiningu viðhorfa, tegunda og tímabila, en einblínt þess í stað á hin illu áhrif Foucaults eitins, enda er að honum vikið ókristilega oft, fjórum sinnum alls á 929 blaðsíðum. Vöggur varð sannarlega tlu feginn í þetta sinn.

litt er annað mál að mörg vandamál eru enn óleyst, auk þess sem einstök hugtök þarfnast nánari xilgreiningar. Hver eru til dæmis tengsl goðvísi, lífsreynslu og erlendra áhrifa í ljóðlist nítjándu aldar, stendur in gamla samþjappaða og tilfinningahlaðna heimsmynd okkur kannski nær en margur hyggur? Í ókmenntasögu III er fjallað um þekkingarflækju sem setti mark sitt á skáldskap átjándu og nítjándu aldar, til æmis Fjölnismanna, enda grefur hún undan hefðbundnum flokkunarhugtökum (lærdómur, upplýsing, ýmantík, raunsæi); þau standast að mínum dómi hvorki fagurfræðilega, sögulega né heimspekilega skoðun. Þá r reynt að endurskoða hefðbundinn söguskilning, svo sem fyrr getur, en samkvæmt honum áttu skörp skil sér :að á átjándu og nítjándu öld; það sem áður tilheyrði staðreyndum varð að skáldlegu myndmáli eða því var tskúfað sem vitleysu og hjátrú. Spyrra má hvort þessi lýsing sé allskostar rétt; hættu landsmenn að hugsa eiminn í myndum á nítjándu öld, þegar forn goðvísi varð að bókmenntum, varpar ljóðagerðin kannski skýrara ósi á ástand hugarfarsins en hlutlæg náttúrufræði, náði upplýsingin svokallaða í raun fram að ganga á þessu mabili?

ið hljótum að spyrra okkur í þessu samhengi hvort hugurinn sé eins og veðurfarið íslenska, hvort dulúðug áttúrusýn hafi haldist lengur við hér en í nágrannalöndum, hvort tengsl reynslu og hugarflugs séu eða hafi erið með sérstöku móti hérlandis? Það má til dæmis ímynda sér sögulega rannsókn á hugmyndum ljóðskálda m hinar norrænu höfuðskepnur, frumöflin og eðli náttúrunnar, frá miðöldum til tuttugustu aldar; hvernig ldurís og hin óbyggða náttúra birtast í ljóðlist frá einum tíma til annars. Slík rannsókn hlýtur að grundvallast á íslenskum örnefnaforða, þjóðtrú, fræðum og æviheimildum, þó freistandi sé að rekja allt til þýskdanskra ýmantíkur; er alveg víst svo dæmi sé tekið að Bjarni Thorarensen hafi lært óbyggðaskynjun sína af útlendum ókum? Nauðsynlegt er að lesa sig í gegnum hefðbundið málskrúð, hugtaka- og líkingafrerann sem svo má alla, að undirstöðu skilnings, frumafstöðu viðkomandi einstaklings, hvernig hann fann til sín í og gagnvart íslenskri náttúru.

ókmenntasaga III fjallar um list og þekkingu með hliðsjón af skáldskap, þjóðtrú, ævisögum og æðibókmenntum, en jafnframt því er hugað að sjálfsskilningi fólks á tímamótum, drepíð er á sálarlíf og siðferði eins og þau má ráða af rituðum heimildum. Víkið er að kerfisbundinni sjálfsmótun íslensks ændasamfélags og kirkjulegum áhrifum: játningartækni, lífsögun og skyldubundinni þrautargöngu neinlætahyggju), einstaklingsbundnu siðferði sem virðist hafa leyst upp á nítjándu öld, stundum með armsögulegum eða neyðarlegum afleiðingum. Það gildir til dæmis um tvær kynslóðir sem kenndar hafa verið við Fjölni og Verðandi, en þær voru miklu líkari en virðast kann í fljótu bragði, bæði hvað varðar hugarfar, áningarhátt og hlutskipti; menn eins og Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason, Benedikt Gröndal, Gestur áls son og Einar Hjörleifsson eru eins og steiptir í sama móti eftir á að hyggja; lýst er ferðalagi undan skugga rosstrésins, undan alltumvefjandi náttúru og undan stýrandi samfélagsmótun, til nýstárlegrar lífslifunar er inkenndist ákaflega oft af sálarlífskreppu sem blandast hefur áður nefndri þekkingarflækju; mönnum virðist afa reynst erfitt að samræma lífarni, ljóð og þekkingu við breytt skilyrði. Hér er oft og tíðum vitnað í textabrot, námuni eða aukaatriði sem opnað geta óvænta sýn um þoku túlkana og hugmynda að sérstöku lífi þess sem krifar eða um er skrifað. Slíkir persónufleygar geta tengst afmarkaðri lýsingu samferðarmanns, tjáningu í ljóði þá bréfi, tilteknum atburði sem oft sýnir ósamræmi sjálfsmats og raunveruleika, persónulegs markmiðs og hugmynda annarra. Ég hef aldrei séð mann með eins dauð augu var sagt um Gest Pálsson þegar verst var fyrir onum komið í Höfn; hvaða áhrif höfðu þessar aðstæður á lífsskoðun hans og sagnaskáldskap, svo dæmi sé tekið? Hér liggja fyrir miklar heimildir, bæði prentaðar og óprentaðar, til dæmis í bréfum einstakra lafnarstúdenta; þau varpa stundum skærara ljósi á tildrög, merkingu og gildi einstakra skáldverka, en lærðar ugmyndir úr erlendum tiskubókum.

á sem fæst við menningu liðinna alda verður í ljósi alls þessa að brjóta viðtekin þróunarlíkön niður í huga sér, ann þarf að endurskoða eða leysa upp samband hugarflugs, þekkingar og skynsemi, komast undan fordómum um birtast meðal annars í ógagnrýnni notkun hugtaka og dreissugri blekkingu um mannlega dómgreind: ótta þeirra sem í blindni trúa á eigin skynsemi, stundum undir yfirskini heimspeki og vísinda. Framsækin ókmenntasaga krefst gagnrýni og virkrar samræðu, að fólk sé reiðubúið að glíma við hugmyndir, hvaðan sem ær koma og hvort sem þær eru í tísku eða ekki. Það er því með ólíkindum og í raun stórfurðulegt að maður sem efur svipað kjaftavit á bókmenntasögu og Grímur meðhjálpari á Biblíunni skuli veljast til að fjalla um ókmenntasögu III í tímariti sem helgað er bókmenntum. Hvað í ósköpunum kemur næst, er manni spurn, erður Gróa á Leiti, nýuppuð úr kvöldskóla og glöð af hroka, fengin til að gagnrýna siðferði fjölmiðla, verður orsteinn matgoggur fenginn til að skrifa um íslenska matargerðarlist, Bárður á Búrfelli um framsýnar árfestingar og séra Sigvaldi um velsæmi í opinberri stjórnsýslu? Kannski er ekki vanþörf á slíkum aðgerðum, ví samkvæmt lektorinum í París vafrar nú vellyst í skipsförmum völskunum meður að íslenskum fræðaheimi, n honum til huggunar má benda á að sé sú raunin munu þær fljótlega frjósa í hel íslensku í veðri. Það vissi jarni.

Áftanmálsgreinar

{1}}. Einar Már Jónsson: "Alhæfingar og takmörk þeirra". Tímarit Máls og menningar. 58. árg. (1997), 2. hefti, ls. 99-105.

{2}}. Hér er að sjálfsögðu átt við það sem mér er eignað í höfundaskrá, þ.e. kaflana "Upplýsingaröld 1750-340" (bls. 23-217), "Sagnagerð frá upplýsingu til raunsæis" (bls. 497-588) og "Sagnagerð frá þjóðhátíð til illveldis" (bls. 769-882). Hér á eftir verður vitnað til blaðsíðutala ritsins.

{3}}. Hér er um töluvert efni að ræða eins og sjá má af eftirfarandi skrá: Þorsteinn Antonsson og María Anna orsteinsdóttir: "Höfundurinn og sagan". Saga Ólafs Þórhallasonar. Álfasagan mikla. Skáldsaga frá 18. öld. Reykjavík 1987; Matthew James Driscoll: "Þögnin mikla. Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum". Skáldskaparmál I. Reykjavík 1990; sami: "The sagas of Jón Oddsson Hjaltalin. studies in the production, dissemination, and reception of popular literature in 18th- and 19th-century Iceland". Ópr. doktorsritgerð, Oxford 1994; Þröstur Helgason: "Tilurð höfundarins. Efling sjálfsverunnar á 18.

g 19. öld í ljósi íslenskrar skáldskaparfræði". Ópr. MA-ritgerð, HÍ 1994; Eiríkur Ó. Guðmundsson: "Gefðu mér æröldina aftur. Um sjálfsævisöguleg skrif á átjándu og níttjándu öld með hliðstjón af hugmyndum Michels oucault". Ópr. MA-ritgerð, HÍ 1995; Svanhildur Gunnarsdóttir: "Sagan af þeim engelska og nafnfræga erthold". Ópr. MA-ritgerð, HÍ 1995; Steinunn Haraldsdóttir: "Í lystigarði ljúfra kála. Um Eggert Ólafsson". Ópr. MA-ritgerð, HÍ 1996; Steinunn Inga Óttarsdóttir: ""Þetta er ei annað en eins manns sjóferðaskrif". Annáll íslenskra reisubóka frá öndverðu til 1835". Ópr. MA-ritgerð, HÍ 1996; María Anna Þorsteinsdóttir: Tveggja eima sýn. Saga Ólafs Þórhallasonar og Þjóðsögunnar. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 1996.

{4}}. Þorsteinn Vilhjálmsson: Heimsmynd á hverfanda hveli II. Reykjavík: Mál og menning 1987, 96, 289.

{5}}. Sjá "Til varnar hjátrúnni. Um hellistálsýn í íslenskum fræðum". Fjölnir, 2. 1997.

{6}}. Fjallað er í knöppu máli um hugtakið í grein minni "Orð og hlutir". Myndir á sandi. Greinar um ókmenntir og menningarástand. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 1991. Sjá einnig Davíð G. Kristinsson: "Festa og fallvaltleiki orðræðunnar. Svar við spurningunni: Hvað gerir fornminjafraði Foucaults agnrýna". Ópr. BA-ritgerð, HÍ 1996.

{7}}. Jón Sigurðsson: "Íslenzkar alþýðusögur á þýzku eftir Dr. Konrad Maurer". Ný félagsrit gefin út af okkrum Íslendingum. Tuttugasta ár. Kaupmannahöfn 1860, 191.

{8}}. Paul Feyerabend: Science in a Free Society. Norfolk: NLB 1978, 8,30.

{9}}. Hjalti Hugason: "Kristnir trúarhættir". Íslenzk þjóðmenning V. Trúarhættir. Norræn trú. Kristni. Þjóðtrú. Ritstjóri Frosti F. Jóhannsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga 1988, 330.

{10}}. Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757. Eggert Ólafsson samdi. Steindór Steindórsson frá Hlöðum íslenskaði. 2. bindi. Reykjavík: Örn og Örlygur 1975, 170.

{11}}. Ferðabók, 1. bindi, 161.

{12}}. Sama st.

{13}}. Konungs Skuggsjá. Speculum Regale. Magnús Már Lárusson bjó til prentunar. Reykjavík: Leiftur 1955, 5.

{14}}. Ferðabók. 2. bindi, 161.

{15}}. Sama rit, 173.

{16}}. Sama rit, 176.

{17}} Við erum nú á dögum sem áður fyrr "men for all seasons and engage in many ways of worldmaking", ritar Stanley Jeyaraja Tambiah í nýlegri bók, Magic, science, religion, and the scope of rationality. Cambridge: University Press 1995, 108.

{18}}. Ólafur Davíðsson: Ég læt allt fjúka - Sendibréf og dagbókarbrot frá skólaárunum. Reykjavík: Safoldarprentsmiðja 1955, 121.